

Alþingi  
Erindi nr. P 137/409  
komudagur 25.6.2009

**Efnahags- og skattanefnd Alþingis**

Reykjavík, 25. júní 2009

**Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.** (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

Í umræddu frumvarpi eru tvö atriði sem snerta beint fjárveitingar til Háskóla Íslands:

**a) 1% niðurskurður á rekstrarútgjöldum 2009, tæplega 118 m.kr.**

Mikil fjölgun varð á nýskráningum nemenda við Háskóla Íslands um síðastliðin áramót og liggur nærri að fjöldi þeirra sé fimmfaldur miðað við það sem áður hefur verið á sama tíma. Af yfir 1.600 umsóknum voru 1.410 sem greiddu skráningargjald og hófu nám við Háskólann. Þetta er meira en 10% fjölgun nemenda. Á margan hátt er erfiðara fyrir Háskólann að taka á móti mörgum nýnemum um áramót vegna uppbyggingar og skipulags námsins. Lögð var hins vegar ofuráhersla á að mæta kalli samfélagsins og óskum fólks um að fá að hefja nám við skólann, ekki sist eftir atvinnumissi. Þetta var gert í trausti þess að tekið yrði tillit til þess í fjárlögum 2010 og helst í fjárukalögum 2009.

Á haustmisseri 2009 eru um 4.770 nýskráningar eða um 20% fleiri en fyrir haustmisseri 2008. Það er því einsýnt að gríðarlegur fjöldi nemenda verður við nám við Háskóla Íslands án þess að gert sé ráð fyrir því í fjárveitingum til skólans að óbreyttu. Að öllum líkindum býr Háskóli Íslands einn íslenskra háskóla við þessi skilyrði.

Minnst er á þá staðreynd að í upphaflegu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 fékk Háskóli Íslands næst minnstu prósentuhækkunina meðal íslenskra háskóla og í niðurskurðartillögum fyrir árið 2009 fékk Háskólinn mestu prósentulækkunina.

Eins og áður sagði opnaði Háskóli Íslands dyr sínar fyrir nýjum nemendum síðastliðin áramót í trausti þess að stjórnvöld kæmu til móts við aukinn nemendafjölda með samsvarandi hækkun á fjárveitingar. Mikilvægt er að fá þessa fjölgun viðurkennda. Að öðrum kosti jafngildir þetta því að um áttundi hver nemandi stundi nám við Háskóla Íslands árið 2010 án kennsluframlags. Vart þarf að taka fram hversu slæmt það fyrir Háskólann að fá ekki greitt fyrir þá nemendur sem stunda nám við skólann.

Háskóli Íslands hefur sannarlega sýnt það í verki að hann er reiðubúinn að axla ríka ábyrgð við enduruppbyggingu efnahags- og atvinnulífs þjóðarinnar. Það er eindregin afstaða skólans að dýrmætasta framlag hans til íslensks samfélags sé að standa vörð um markaða stefnu og vinna áfram af kappi og heilindum að því að ná afburðaárangri í menntun, vísindum og nýsköpun.

Það er mat Háskóla Íslands að það sé í hæsta máta óeðlilegt að taka ekki tillit til væntanlegs kostnaðarauka vegna verulega aukins nemendafjölda á árinu þegar ákveðinn er niðurskurður á rekstrargjöldum. Slíkt virðist þó ekki vera gert í umræddu frumvarpi hvað varðar Háskóla Íslands.

**b) Breytingar á framlagi í Háskólasjóð án þess að rætt sé um ákveðnar fjárhæðir.**

Framlag í Háskólasjóð er Háskóla Íslands mjög mikilvægt og hefur gert skólanum kleift að styðja við ýmis ný verkefni. Mörg þessara verkefna Háskólasjóðs fela í sér skuldbindingu til nokkurra ára.

Virðingarfyllt,

Kristín Ingólfssdóttir,  
Rektor Háskóla Íslands